

REGLUGERÐ

um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur aðeins til varpna sem notaðar eru til togveiða á botnfiski, rækju og humri.

Með poka skv. reglugerð þessari er átt við aftasta hluta vörpunnar. Pokinn skal allur jafnbreiður og skorinn á legg eða síðum. Heimilt er þó að þrengja poka (sekk) á leisum í tveimur öftustu metrum pokans. Óheimilt er að nota umbúnað af nokkru tagi til að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka.

2. gr.

Lágmarksmöskvastærð í botnvörpu og flotvörpu skal vera 135 mm.

Botnvarpa og flotvarpa merkir samkvæmt reglugerð þessari vörpur sem notaðar eru til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land.

3. gr.

Lágmarksmöskvastærð í netþaki humarvörpu skal vera 135 mm en 80 mm í öðrum hlutum vörpunnar.

Skýlt er að hafa tvö ferhyrnd netstykki á legg úr a.m.k. 200 mm riðli á efra byrði belgs humarvörpunnar. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 4 metrar að lengd og skal því komið fyrir fremst á efra byrði vörpunnar fyrir aftan netþak. Afturhorn netstykkisins skal festa ekki fjær hliðarleisum en nemur 20 möskvum. Aftara netstykkið skal vera a.m.k. 2 metrar að lengd og skal það staðsett u.þ.b. 2 metrum aftan við aftari rönd fremra netstykkisins. Afturhorn netstykkisins skal festa ekki fjær hliðarleisum en nemur 20 möskvum. Netstykki þessi skulu fest þannig að hver leggur stykkisins sé festur á móti 5 upptökum efra byrðisins.

4. gr.

Lágmarksmöskvastærð rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum aftur að fremsta netþaki (miðneti) en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

Við veiðar á rækju á eftirgreindum svæðum skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju útbúinni samkvæmt reglum þar um.

A. Innan viðmiðunarlínu á svæði frá Bjargtöngum norður og austur um Rauðanúp.

B. Fyrir Suðvesturlandi sunnan 65°15'N og vestan 23°V.

Við veiðar á úthafs rækju fyrir Norðurlandi norðan 65°30'N, milli 12°V og 22 18°V, norðan og 65 sunnan 66°30' 45'N, milli 18°V og 20°V, skal við rækjuveiðar nota net á legg í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar eða smárækjuskilju samkvæmt reglum þar um. Lágmarksmöskvastærð leggpokans á þessu svæði skal vera a.m.k. 40 mm.

Við notkun leggpoka er heimilt að nota þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínumöskvana. Skal hver leggur leggpokans festur við eina upptöku vörpunnar.

5. gr.

Við veiðar er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim sem getið er um í 2. gr. reglugerðar þessarar. Þó er heimilt að:

A. Slitnet. Festa undir allt að 25 öftustu metra botnvörpu net með sömu möskvastærð og er í pokanum í því skyni að draga úr sliti. Slitvara þessa má festa við pokann að framan og til hliðar og einnig er heimilt að festa slitvarana við styrktarnet efra byrðis að aftan sbr. C-lið þessarar greinar. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slitneti.

B. Slitmottur. Festa undir slitvara þá er getið er í A-lið nautshúðir, mottur úr gerviefnum eða aðra sambærilega slitvara í því skyni að auka enn núningsþol pokans. Slitmottur þessar má aðeins festa að framan og á hliðunum.

C. Styrktarnet. Festa styrktarnet úr sama efni og varpan er gerð úr við allt að 18 öftustu metra efra byrðis botnvörpu og efra og neðra byrðis flotvörpu. Möskvastærð styrktarnetsins skal vera rúmlega tvöfalt stærri en möskvastærð vörpunnar þar sem það er fest við. Heimilt er að festa styrktarnet þetta við pokann að framan, á hliðum og að aftan sbr. A-lið þessarar greinar. Ganga skal þannig frá styrktarneti þessu að hver möskvi þess falli saman við fjóra möskva pokans. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slíku styrktarneti.

Óheimilt er að nota styrktarnet nema möskvastærð í 8 öftustu metrum vörpunnar sé a.m.k. 155 mm, á svæði umhverfis Ísland og norður af Íslandi innan línu, sem dregin er þannig: 320° réttvísandi frá stað 66°17,0 N og 24°00,0 V og 12 sjómílu utan viðmiðunarlínu, samkvæmt lögum nr. 79/1997 að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum og þaðan suðureftir um eftirgreinda punkta:

1. 64°43,7 N - 24°26,0 V
2. 64°43,7 N - 24°12,0 V

og þaðan 5 sjómílu utan við Geirfugladrang í punkt 5 sjómílu réttvísandi suður frá Geirfugladrangi og þaðan í punkt 4 sjómílu suður frá Surtsey, síðan í punkt 4 sjómílu suður frá Lundadrangi og þaðan utan 4ra sjómílna frá viðmiðunarlínu austur um að 18°00,0 V og þaðan í réttvísandi 180° í stað 63°17,0 N, 18°00,0 V og síðan um eftirgreinda punkta:

1. 63°41,0 N - 15°30,0 V
2. 64°19,0 N - 12°26,0 V
3. 64°25,0 N - 12°11,0 V
4. 64°40,0 N - 11°26,0 V

og þaðan er línan dregin í réttvísandi norður út að mörkum fiskveiðilandhelginnar í punkt 69°29,5 N - 11°26,0 V og síðan í réttvísandi austur.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. þessa liðar er heimilt í fiskveiðilandhelgi Íslands við karfaveiðar með flotvörpu á dýpra vatni en 200 föðum, sunnan 66°10'N við Vesturland og sunnan 64°45'N við Austurland, að festa styrktarnet á bæði byrði vörpunnar á 40 öftustu metra hennar. Skal riðill í 20 öftustu metrum styrktarnetsins ekki vera minni en riðillinn í vörpunni en í næstu 20 metrum styrktarnetsins þar fyrir framan skal riðillinn a.m.k. tvöfalt stærri en riðill vörpunnar. Styrktarnetið festist að ofan, neðan og á hliðunum.

D. Styrktargjarðir. Nota styrktargjarðir utan um pokann á allt að 25 öftustu metra botnvörpu og flotvörpu. Bil á milli gjarða skal vera minnst 1,8 m en heimilt er að festa öftustu gjörðina nær kollínunni. Lengd gjarða skal vera minnst 45% af strengdri lengd netsins á þeim stað sem gjörðin er.

E. Steinamottur. Festa innan á neðra byrði botnvörpu húð eða mottu til að auka núningsþol pokans vegna grjóts, sem berst í pokann. Stærð þessara hlífa má mest vera 4 m² alls í hverri botnvörpu.

6. gr.

Heimilt þrátt er fyrir við úthafskarfaveiðar að nota í 40 öftustu metrum vörpunnar minni möskva en í ákvæði 2. gr. greinir skal lágmarksmöskvastærð í vörpu við veiðar á úthafskarfa vera 100 mm og klæða sé þann notuð klæðning í hluta hennar vörpunnar með skal öðrum lágmarksmöskvastærð hætti klæðningarinnar en vera segir hin í 5. gr sama. Tekur þetta til veiða á úthafskarfa með flotvörpu á svæði utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°20,0-20'N--29°45,0-45'V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands)

2. 63°00,0-00'N--26°00,0-00'V-

3. 62°00,0-00'N--27°00,0-00'V

4. 60°22'N-24°20'V

Sama gildir við botnvörpuveiðar á blálöngu á Franshóli á svæði sem markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 61°03,0 N - 27°25,0 V-

2. 60°57,0 N - 27°25,0 V-

3. 60°57,0 N - 27°40,0 V -

4. 61°03,0 N - 27°40,0 V

7. gr.

Við veiðar með botn- og flotvörpum er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim, sem um er getið í 3.- 4. gr., eða nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða nota net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt:

A. Við veiðar með rækjuvörpum samkvæmt 4. gr. að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 100 mm.

B. Við rækjuveiðar er heimilt að binda fyrir rækjupoka allt að 40 cm fyrir ofan pokaendann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútinn.

Rækjupokinn skal ekki vera meira en 50 cm lengri en hlífðarpokinn. Heimilt er að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.

C. Við veiðar með humarvörpum samkvæmt 3. gr. að festa undir pokann net allt að 9 m að lengd með 135 mm lágmarksmöskvastærð til þess að koma í veg fyrir slit.

D. Við veiðar með botnvörpum samkvæmt 3.-4. gr. að festa undir 8 öftustu metra vörpunnar nautshúðir eða mottur úr gerviefnum í því skyni að auka núningsþol pokans.

8. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna. Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að veita tímabundin leyfi til þess að nota vörpur með annarri möskvastærð eða öðrum útbúnaði en heimilt er samkvæmt reglugerð þessari. Leyfi þessi skulu bundin við veiðar á ákveðnum fisktegundum og ákveðin veiðisvæði.

Séu togveiðar á tilteknu svæði háðar því skilyrði að fótrepisvarpa sé notuð, skal sú varpa ekki búin bobbingum heldur fótrepri gerðu úr vír eða keðju, sem skífur, körtur úr gúmmí eða gerfiefni er þrætt upp á, enda sé heildarþvermál fótrepisins ekki meira en 20 cm.

Um mælingar á möskvum vísast til reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

9. gr.

Bannað er að henda í sjóinn veiðarfærum, netastykkjum svo og öðrum hlutum úr veiðarfærum. Týni skip veiðarfærum í sjó ber skipstjóra að reyna að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það til Landhelgisgæslunnar og skýra frá staðsetningu veiðarfærisins, eins nákvæmlega og unnt er og hvenær það týndist.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Um ólögmetan afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafla.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. maí 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast gildi 26. júlí 2002 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 77, 6. febrúar 1998, um botn- og flotvörpur, með síðari breytingum.

- Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. júlí 2002. -

F. h. r.

- Jón B. Jónasson. -

- Þórður Eyþórsson. -

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.